



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. P 141/2047
komudagur 6.6.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almennatrygginga og félagslegan stuðning. Lagt fyrir á 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 1116 – 636. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpinu er ætlað að styrkja stöðu aldraðra og þeirra sem búa við skerta starfsgetu m.a. með því að gera lög um lífeyrisréttindi almennatrygginga og tengdar greiðslur einfaldari og skýrari en þau eru í dag.

MRSÍ fagnar því að bæta eigi stöðu þessa hóps sem hefur setið eftir í þeim kjarabótum sem hafa átt sér stað fyrir almenning síðustu ár og því orðið tímabært að bregðast við. Með því að einfalda löggjöf og draga saman í ein lög ákvæði sem kveða á um réttindi og skyldur þessa hóps er komið til móts við meginregluna um skýrleika laga og aðgengi almennings að upplýsingum um réttindi og skyldur.

MRSÍ vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri;

Hér á landi er hópur fólks sem lifir undir fátæktarmörkum og hefur tekjur undir framfærsluviðmiðum Tryggingastofnunar. Ljóst er að íslenska ríkið er skuldbundið af alþjóðlegum samningum til þess að gera betur í þessum málum og því er þörf á breytingum. Í 76. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 er öllum tryggður réttur til aðstoðar vegna m.a. örorku, elli og sjúkleika. Orðalag ákvæðisins er þó frekar gamaldags og hefur þróunin í alþjóðasamfélaginu verið frekar í þá átt að viðurkenna rétt hvers manns til að njóta viðunandi lífsafkomu, en ekki aðeins til þess að þiggja aðstoð. Er þannig horfið frá ríkjandi velferðarsjónarmiðum gagnvart þeim sem fjárhagsaðstoð þurfa og frekar hnykkt á því að það eru sjálfsögð mannréttindi að njóta lífsviðurværis, almennatrygginga og félagslegs öryggis. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er að finna ákvæði sem skylda aðildarríkin til þess að viðurkenna þennan rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða. Aðildarríkin skulu svo gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að þessum rétti verði framfylgt. Í 13. og 14. gr. félagsmálasáttmála Evrópu er einnig að finna sams konar ákvæði.

Jákvætt er að setja skýrt markmiðsákvæði í upphaf laganna en MRSÍ telur orðalag þess skjóta skökku við ef horft er til þess að ekki er lengur notað orðið „örorka“ heldur er talað um „skerta starfsgetu“. Er orðalag ákvæðisins ekki í samræmi við þá þróun sem minnst er á hér að framan heldur er enn talað um bótagreiðslur og stuðning vegna elli, skertrar starfsgetu, andláts og framfærslu barna og þannig enn einblínt á þetta sem hluta af velferðarkerfinu en ekki sem sjálfsögð mannréttindi. Verður og að ætla að samræma ætti ákvæði laganna, þ.e.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

ekki tala um „skerta starfsgetu“ í 1. gr. laganna en almennt í lögnum um örorku og örorkulífeyri.

Um 5. gr:

Þar er fjallað um réttindi ef tryggður einstaklingur skv. lögnum flyst erlendis í ákveðinn tíma. Telur MRSÍ að sú takmörkun að námsmaður geti aðeins haldið réttindum sínum í fimm ár án undantekninga takmarki rétt nemenda sem af einhverjum ástæðum, s.s. vegna fötlunar eða veikinda, þurfa lengri tíma til að ljúka námi sínu. Er slíkt ekki í samræmi við 5. tl. 24. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en þar segir að aðildarríkin eigi að tryggja að viðeigandi hagræðing fari fram í þágu fatlaðra til þess að þeim sé gert kleift að stunda almennt nám á háskólastigi. Rétt væri að hafa möguleika á að sækja um undanþágur frá þessari almennu reglu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum til að koma til móts við einstaklinga með fötlun eða sem stríða við veikindi.

Um 6. gr:

Þar er fjallar um réttindi þeirra einstaklinga sem fengið hafa stöðu flóttamanna hér á landi og verið veitt hæli á þeim forsendum. Ákvæðið kveður á um að þessir einstaklingar séu tryggðir skv. lögnum frá komudegi þeirra hingað til lands og njóti fullrar tryggingaverndar óháð reglum um réttindaávinnslu í hlutfalli við búsetutíma. MRSÍ fagnar þessu ákvæði og telur ákaflega mikilvægt að lögbinda eigi ákvæðið en ekki aðeins setja það í reglugerð, þar sem erfitt er og jafnvel ómögulegt fyrir þessa einstaklinga að sækja réttindi þau sem tryggð eru í frumvarpi þessu til heimalands síns.

Í þessu sambandi er einnig vert að skoða stöðu þeirra einstaklinga hér á landi sem hafa skerta tryggingarvernd skv. frumvarpinu vegna reglna um búsetutíma. Ljóst er að hópur fólks hér á landi fær litlar eða engar greiðslur frá fyrra búsetulandi og hefur því afskaplega takmarkaðar tekjur til framfærslu og er undir viðmiðum Tryggingarstofnunar um lágmarksframfærslu. Ætti að leita leiða til að koma jafnt til móts við þessa einstaklinga, sérstaklega borgara utan EES sem fæstir hafa möguleika á því að fá greiðslur frá heimalandi sínu þrátt fyrir að þeir eigi vissulega rétt á slíkum greiðslum.

Um 15. gr.

Þar er fyrirhugað að falla frá þeirri heimild laganna að veita örorkulífeyri eftir aðeins sex mánaða búsetu hér á landi hafi starfsorka verið óskert við flutning til landsins. MRSÍ telur að með því að fella niður þessa heimild séu skilyrði til greiðslu örorkulífeyris þrengd verulega og þeir einstaklingar sem á þurfa að halda og ekki falla undir þröng undanþáguskilyrði verða nær réttláusir og hafa fáa möguleika aðra til framfærslu en að leita til félagsþjónustu sveitarfélagsins eftir fjárhagsaðstoð á meðan þeir bíða. Vert er að skoða hvað ávinnst með niðurfellingu þessarar heimildar og hvort að hér sé verið að kasta meiri hagsmunum fyrir minni. Einnig hvort að einungis sé verið að færa byrði frá ríkinu yfir á sveitarfélögin.

Um 16. gr.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Fjallar um greiðslur vegna endurhæfingar. MRSÍ styður þá breytingu að samlagningarregla EES-samningsins gildi um þá sem sækja um endurhæfingargreiðslur líkt og hún gerir um greiðslur vegna örorkulífeyris. MRSÍ vill þó benda á að einstaklingar sem voru búsettir utan EES áður en þeir komu til Íslands þurfa að biða í þrjú ár til þess að eiga rétt á endurhæfingargreiðslum og vert er ítreka að endurhæfingarlífeyrir er almennt ekki greiddur úr landi og því ekki hægt að sækja slíkar greiðslur til fyrra búsetulands. Þessi langi biðtími eftir greiðslum gengur gegn markmiði endurhæfingar, en mikilvægt er að grípa tímanlega inn í og tryggja að einstaklingar fái endurhæfingarúrræði fljótlega eftir slys eða veikindi og þannig eru meiri líkur á að hægt sé að fyrirbyggja ótímabæra örorku. Er því ljóst að þriggja ára bið, eða jafnvel lengri, getur takmarkað möguleika einstaklings til fullrar endurhæfingar og þannig möguleika hans á að komast sem fyrst aftur út á vinnumarkaðinn.

Um 19. gr.

Greiðsla heimilisuppbótar lífeyrisþega sem býr einn. Þar er að finna jákvæðar breytingar sem stuðla að auknum sveigjanleika í mati á því hvort að einstaklingur sannanlega býr einn án þess að vera einhleypur í skilningi laganna.

MRSÍ vill að lokum ítreka að Tryggingastofnun (TR) sem stjórnvald ber leiðbeiningarskyldu gagnvart þeim sem til hennar leita, sbr. 89. gr. frumvarpsins. Er sú skylda einkar brýn þeim sem til stofnunarinnar leita eftir aðstoð við að sækja rétt sinn til greiðslna vegna elli og skertrar starfsgetu frá öðrum löndum. Hefur TR annast milligöngu í þessum málum, þ.e.a.s. tekið við gögnum og sent þau út og mótttekið upplýsingar að utan. Það hefur hins vegar ekki verið nægilegt upplýsingastreymi til umsækjenda ef vantar gögn eða afgreiðsla málsins dregst af öðrum ástæðum. Mikilvægt er að TR móti sér stefnu í meðförum slíkra mála, leiðbeini umsækjendum í samræmi við þá stefnu og að ekki sé neinn vafi á því hvert er hlutverk TR annars vegar og umsækjanda hins vegar.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri